



7. Standið upp. Látið hendur síga afslappaðar með hliðum. Skynjið hina eðlislægu stöðu lófanna, líkt og haldið sé á bolta. Setjist aftur, setjið fingurna á nótnaborðið og haldið sömu eðlislægu stöðu lófanna.
8. Hafið lófana rétt ofan við nótnaborðið og látið fingurna snerta miðju hins stóra svæðis hvítu

- nótnanna. Hafið lófana ofan við nótnaborðið, en látið þá ekki hvíla á nótnum eða á viðnum neðan við nóturnar.
9. Sláið á nótuna með svæðinu rétt neðan við fingurgómanna. Hafið alla fingurna sveigða og lyftið þeim með fingurhnúunum. Þegar þið sláið á nóturnar, haldið þá sveigðri stöðu fingranna.



### Spilað eftir fingranúmerum

Við gefum hverjum fingri númer, til að hjálpa ykkur að staðsetja réttan fingur á viðeigandi nótu. Fingranúmerin eru skráð við nóturnar á síðunni.

Setjið hönd ykkar ofan við einhverjar fimm nótur og hafið hvern fingur ofan við eina nótu. Æfið fingranúmerin með því að spila nóturnar með viðeigandi fingri, eins og sýnt er. Nótur

með upplegg eru fyrir hægri hendina. Nótur með niðurlegg eru fyrir vinstri hendina.